

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/18/EB

2003/EES/23/21

frá 19. mars 1996

um breytingu á ýmsum tilskipunum ráðsins um markaðssetningu fræs og fjölgunarefnis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fôðurjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum a-lið 21. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjurtafræja ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum a-lið 20. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/458/EBE frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafræja ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum a-lið 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ljósi framfara á sviði vísinda og tækni ber að breyta tilskipunum 66/401/EBE, 69/208/EBE og 70/458/EBE af ástæðum sem eru settar fram hér á eftir.

Núgildandi alþjóðareglur, þ.e. reglur Alþjóðlegu samtakanna um eftirlit með fræi og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) hafa verið endurskoðaðar að því er varðar hámarksþyngd framleiðslueininga fræs tiltekinnna tegunda. Rétt þykir að bandalagið samþykki endurskoðunina.

Endurskoða skal því reglur bandalagsins varðandi hámarksþyngd framleiðslueininga fræs þessara tilteknu tegunda til samræmis við það.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 66/401/EBE:

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 76, 26.3.1996, bls. 21, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2002 frá 25. júní 2002 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 49, 3.10.2002, bls. 17.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 7.

í 2. dálki töflunnar í III. viðauka komi „25“ í stað „20“ þegar um er að ræða

- *Lupinus albus*
 - *Lupinus angustifolius*
 - *Lupinus luteus*
 - *Pisum sativum*
 - *Vicia faba*
- og
- *Vicia sativa*.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 69/208/EBE:

í 2. dálki töflunnar í III. viðauka komi „25“ alls staðar í stað „20“ og „25“ í stað „10“ þegar um er að ræða *Carthamus tinctorius*.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 70/458/EBE:

í stað 1. liðar í III viðauka komi eftirfarandi:

„1. Hámarksþyngd framleiðslueiningar fræs:

- | | |
|--|----------|
| a) fræ <i>Phaseolus vulgaris</i> , <i>Pisum sativum</i> og <i>Vicia faba</i> | 25 tonn; |
| b) fræ sem er ekki minna en hveitikorn, nema <i>Phaseolus vulgaris</i> , <i>Pisum sativum</i> og <i>Vicia faba</i> | 20 tonn; |
| c) fræ sem er minna en hveitikorn | 10 tonn. |

Hámarksþyngd framleiðslueiningar fræs má ekki vera meiri en sem nemur 5%.“

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. mars 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.
